

# LION



Íslensk útgáfa

[www.lions.is](http://www.lions.is)

blað nr 293

desember 2015



We Serve

Desember 2015. Blað nr. 293  
THE LION IN ICELANDIC  
Fjölumðæmi 109  
Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs  
International, gefið út í umboði  
alþjóðastjórnar Lions á tuttugu  
tungumálum: Dönsku, ensku,  
farsi, finnsku, flæmsku,  
frönsku, grísku, hollensku, íslensku,  
ítölsku, japönsku, kínversku,  
kóresku, norsku, portúgölsku,  
spænsku, sænsku, tælensku,  
tyrknesku og þýsku. Þrjátíu  
Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:  
FJÖLUMDÆMI 109. Tímariðið Lion kemur  
út sex sinnum á ári.

Lionskrifstofan, Sóltúni 20, 105  
Reykjavík er opin alla virka daga frá  
kl. 09.00 til 15.00

Sími: 561 3122  
Fax: 561 5122  
e-mail / netfang: lions@lions.is  
Heimasíða Lions: lions.is  
Skrifstofustjóri: Kolfinna  
Guðmundsdóttir.



FJÖLUMDÆMISRÁÐ  
FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2015 – 2016

Fjölumðæmisstjóri: Guðmundur Helgi  
Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn

Umdæmisstjóri 109A: Jón Pálmason,  
Lkl. Viðarri.

Umdæmisstjóri 109B: Stefán Árnason,  
Lkl. Vitaðsgjafi.

Fjölumðæmisritari: Kristín  
Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla.

Fjölumðæmisgjaldkeri: Guðmundur  
Oddgeirsson, Lkl. Þorlákshafnar

Fráfarandi fjölumðæmisstjóri: Tryggvi  
Kristjánsson Lkl. Dalvíkur.

Vara fjölumðæmisstjóri: Árni  
Brynjólfur Hjaltason Lkl. Njarðvíkur

Protokol- og þingstjóri og NSR  
Coordinator: Kristinn Hannesson,  
Lkl. Mosfellsbæjar.

Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Viðar  
Friðriksson, Lkl. Hængur.

Kynningarstjóri: Benjamín Jósefsson,  
Lkl. Akraness.

Umhverfisstjóri: Kristófer A. Tómasson,  
Lkl. Geysi

Ritstjóri Lion: Þorkell Cýrusson, Lkl.  
Búðardals.

Netstjóri: Skúli Guðmundur  
Ingvarsson, Lkl. Borgarness.

NSR 2017 formaður þingnefndar: Þór  
Steinarsson, Lkl. Fjörgyn.

GLT stjóri (menntun og  
leiðtogaþjálfun): Halldór  
Kristjánsson,

Lkl. Ásbirni.

GMT stjóri: (útbreiðsl og fjölgun):  
Guðrún Helga Össurardóttir, Lkl.  
Seylu.

GMT/konur í Lions: Guðrún Björt  
Yngvadóttir, Lkl. Eik

NSR-AU nefndarmaður/  
Lestarátaksstjóri: Hrund Hjaltadóttir,  
Lkl. Fold.

Félagastjóri: Kristín Þorfinnsdóttir, Lkl.  
Embla

Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni  
Þorsteinsson fyrrv.

alþjóðastjórnarmaður, Lkl.  
Mosfellsbæjar.

Hjálparstjóri: Guðjón Jónsson, Lkl.  
Seltjarnarness.

Ungmennaskiptastjóri: Brynja Vigdís  
Þorsteinsdóttir, Lkl. Æsa.

Ungmennaverkefnastjóri: Anna  
Kolbrún Árnadóttir, Lkl. Ylfa.

LCIF stjóri, fyrrv. alþjóðastjórnar  
maður:

Jón Bjarni Þorsteinsson Lkl.  
Mosfellsbæjar.

Afmælisnefnd Lions: Guðrún Björt  
Yngvadóttir, Lkl. Eik

MedicAlert stjóri: Lúðvík Andreasson,  
Lkl. Tý.

Menningarstjóri: Gerður Jónsdóttir,  
Lkl. Ylfa.

Formaður Kjaransorðunefndar. Daníel  
Þórarinnsson, Lkl. Nirði.

Laganefnd (form.): Kristinn  
Kristjánsson, Lkl. Hveragerði

Lions Quest stjóri: Magnús J.  
Magnússon, Lkl. Selfoss.

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur  
Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skoðunarmaður (aðal): Daníel  
Þórarinnsson, Lkl. Nirði.

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.  
Ingibergsdóttir, Lkl. Eik.

Varaumðæmisstjóri 109A: Gunnar  
Vilbergsson, Lkl. Grindavíkur.

Varaumðæmisstjóri 109B: Björg Bára  
Halldórsdóttir, Lkl. Rán.



Fjölumðæmisstjóri ásamt umdæmisstjórum.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109A:  
Sveinn Ingi Lýðsson, Lkl. Álftanes.  
Varaumðæmisstjóri (annar) 109B: Björn  
Guðmundsson, Lkl. Hæng.

Frankvæmdastjórn  
Lionshreyfingarinnar 2015 – 2016:  
International President: Dr. Jitsuhiro  
Yamada Japan  
Immediate Past President: Joseph  
Preston USA  
First Vice President: Robert E. Corlew  
USA

Second Vice President:  
Naresh Aggarwal Indland

First Year Directors  
Melvin K. Bray,  
Pierre H. Chatel,  
Eun-Seouk Chung,  
Gurcharan Singh Hora,  
Howard Hudson,  
Sanjay Khetan,  
Robert M. Libin,  
Richard Liebno,  
Helmut Marhauer,  
Bill Phillipi,  
Lewis Quinn,  
Yoshiyuki Sato,  
Gabriele Sabatosanti Scarpelli,  
Jerome Thompson,  
Ramiro Vela Villarreal,  
Roderick "Rod" Wright,  
Katsuyuki Yasui.

Second Year Directors:  
Svein Øystein Bertsten,  
Jorge Andrés Bortolozzi,  
Eric R. Carter  
Charlie Chan,

Jack Epperson,  
Edward Farrington,  
Karla N. Harris  
Robert S. Littlefield, Ph.D.  
Ratnaswamy Murugan,  
Yoshinori Nishikawa,  
George Th. Pappas,  
Jouko Ruissalo,  
N.S. Sankar,  
A.D. Don Shove,  
Kembra L. Smith  
Dr. Joong –Ho Son  
Linda L. Tincher  
Fábio de Almeida,  
Lawrence A. „Larry“ Dicus  
Roberto Fresia  
Alexis Vincent Gomés  
Chynthia B. Gregg,  
Byung-Gi Kim  
Ester LaMothe  
Yves Léveillé  
Teresa Mann  
Raju V. Manwani  
William A. McKinney  
Michael Edward Molenda  
John Pettis, Jr.  
Robert Rettby,  
Emine Oya Sebük  
Hidenori Shimizu  
Dr. Steven Tremaroli

Upplag: 2400 eintök – Pökkun og  
dreifing: Lionsklúbburinn Fjörgyn

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.  
Forsíðumynd: Jólaveinn hvílir sig eftir  
langan vinnudag, Björn Anton  
Einarsson félagi í Lionsklúbba  
Búðardals tók myndina.



## Ritstjórnargreinin

Ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Þriðja blað starfsársins er nú komið út. Nú ættu allir klúbbar vera komnir vel af stað í starfi sínu og allt komið í fastar skorður. Klúbbar hafa verið að bjóða upp á fríar sykursmælingar í síðasta mánuði eins og áður og mér vitanlega hefur það gengið vel. Sykursýki er mikill vágastur sem á auðvelt með felast hjá fólki svo það er mikilvægt að allir láti mæla sig til að fylgast með og hægt verði að meðhöndla sjúkdóminn áður en hann kemst á alvarlegt stig.

Greinarþátturinn um sögu lionsklúbba heldur áfram í þessu blaði. Í síðasta blaði var fjallað um elsta klúbb landsins Lionsklúbb Reykjavíkur og í þessu blaði fáum við sögu Lionsklúbba Akureyrar í máli og myndum.

Ég vona að þessi greinarþáttur leggist vel í lionsfélaga og aðra. Ég stefni á því að vera með konuklúbb í næsta blaði.

Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar heimsóttu okkur lionsmenn nú í haust og er viðtal við hann í blaðinu sem Þór Steinarsson tók eins er myndarþáttur frá heimsókn hans.

Ég óska öllum lionsmönnum, fjölskyldum þeirra og öðrum landsmönnum gleðilegra jóla, árs og friðar.

Netfang Lionsblaðsins er: [lbl@simnet.is](mailto:lbl@simnet.is)

Með jólakveðju, Þorkell Cýrusson ritstjóri

# Hugleiðing

## Brynja Vigdís

Nú er aðventan gengin í garð, þetta tímabil árs hvers sem sker sig á svo margan hátt frá öðrum tímum ársins. Með aðventunni hefst nýtt kirkjuár og janframt sá tími sem ber birtu af jólonum. Orðið aðventa þýðir koma eða sá sem kemur, og á við um komu Drottins. Aðventan er undirbúningstími fyrir jólin, þar sem minnst er fæðingar Jesú Krists, komu hans í þennan heim. Þegar Guð gerðist maður og birtist okkur mönnum í litlu saklausu barni.

Síðust ár hefur aðventan skipað sér æ ríkari sess í hugum landsmanna sem undirbúningstími fyrir jólin. En þetta er ekki bara undirbúningstími fyrir góðan mat og fallegar gjafir. Við erum ekki bara að undirbúa allt í kringum okkur, heldur erum við líka að undirbúa okkur sjálf innra með okkur og það getum við gert með margvíslegum hætti. Í undirbúningnum getum við t.d lesið lítinn hluta jólaguðspjallsins á hverjum degi adventunnar, búið okkur til adventudagatal þar sem í hverjum glugga leynast hugmyndir að gæðastundum með fjölskyldu eða vinum, heimsótt eða hringt í einhvern sem við höfum ekki hitt lengi og svona mætti lengi halda áfram. En þessi innri undirbúningur og jafnvel ástæða þess að við erum að halda jólahátíðina svona hátíðlega, getur oft horfið fyrir ytri umbúðum og undirbúningi sem flest í haupum og kaupum, já og þrifum hátt og lágt.

Það er lítil saga sem ég las fyrir nokkru sem mér fannst lýsa því svo vel hversu auðvelt er að gleyma hinum raunverulegu ástæðu fyrir því að við höldum adventuna og jólahátíðina hátíðlega.

*Aðventan var komin í öllu sínu veldi, og það er verið að undirbúa komu jólabarnsins. Lítill drengur horfir á foreldra sína vera að þvo og þússa í sífellu, og hraðinn er gífurlegur og spennan yfirþyrmandi. Drengurinn biður þau um að lesa fyrir sig jólasögu. En fær þau svör, að það sé*

*enginn tími. Jólin séu nefnilega að koma. Vill hann ekki bara setjast niður og teikna? Jesús til dæmis? Og honum er fengið blað og litir.*

*Eftir drygklanga stund er myndin tilbúinn. Og aftur spyr hann pabba og mömmu, hvort þau vilji lesa fyrir sig. En svarið er eins og fyrr. Elsku vinurinn, það er verið að undirbúa jólin. Viltu ekki bara teikna aðra mynd? Jólaundirbúninginn til dæmis? Nokkur stund líður og myndin er tilbúin og aftur reynir drengurinn að fá þau til að lesa fyrir sig. En það er allt við það sama. Og við hverja spurningu og hverja neitun festist ný mynd á blaðið.*

*Loksins kemur að því að mamma og pabbi taka sér pásu, úrvinda af þreytu og nota þá tækifærið og biðja um að fá að sjá hvað drengurinn sé búinn að teikna og lita. En þau reka upp stór augu, er þau sjá blaðið. Þar er urmull litilla mynda, hver um aðra þvera: mamma að sópa, pabbi að negla, mamma að skúra, pabbi að skipta um ljósaperu, mamma að ryksuga, pabbi að fara út með ruslið o.s.frv.*

*Já, en hvar er myndin af Jesús? Spyrja þau. Og drengurinn svarar – sko hún lenti undir öllum hinum myndunum. Ég byrjaði á að teikna hann, en svo teiknaði ég aðra mynd og svo fleiri og fleiri og allt í einu var Jesús horfinn.*

*Mamma og pabbi litu hvort á annað og gáfu sér nú loks tíma til að setjast niður með drengnum sínum og lesa fyrir hann jólasögu.*

Ég held að við flest getum auðveldlega séð okkur í þessum fullorðnu persónum sem sagan segir frá, jafn upptekin við fánýta hluti og við í raun erum jafnan. Auðvitað er gott og gaman að snurfusa heimilið, ryksuga og þvo og skúra, en það má ekki koma niður á hinum meiri gildum lífsins og sannari verðmætum.

Ég held að þessi saga sé þörf áminning, svona í jólaföstunni og fram að jólum, um það við gleymum ekki hinu raunverulegu ástæðu fyrir þessu umstangi í desember. Ástæðunni



sem er Jesús, fæðing hans í fjárhúsum og allt það sem koma hans í heiminn breytti fyrir okkur mennina. Við skulum nota tímann fram að jólum til að líta í eigin barm, hugsa um gamla tíma og nýja. Njótum tímans með fjölskyldu okkar og athugum hvort við getum ekki gefið Guði meira rúm í hjörtum okkar. Minnumst mikilvægis helgihaldsins í kringum jólinn og ekki síst skulum við eyða tíma með þeim sem okkur þykir vænt um.

Gleymum okkur ekki í glimmer pappír og gylliboðum verslana, heldur setjumst niður og rifjum upp hinn raunverulega tilgang jólanna – Jesús Krist, fæðingu hans og líf. Náum í Biblíuna okkar ef við eigum slíka, eða förum á netið þar sem hægt er að nálgast allt, flettum upp á 1. og 2. kafla Lúkasarguðspjalls, lesum það fyrir börnin okkar og okkur sjálf til upprifjunar á boðskap jólanna. Látum hann fylgja okkur um þessa hátíð.

Megi Guð gefa ykkur öllum gleðilega jólahátíð.



*Skilafrestur á efni í næsta blað er 11. febrúar*



# Að hjálpa börnum er mikilvægasta verkefni okkar

## Pistill frá alþjóðaforseta

Dr. Jitsuhiro Yamada

alþjóðaforseti



Hugprýði, styrkur og hyggindi geta komið lúr ólíklegustu átt. Malala Yousafzai er fimm fet á hæð en nógu stór til að mæta Talibönunum. Á unglingsárum sínum í Pakistan, krafðist hún réttar stúlkna til að öðlast

menntun. Talibana byssumaður skaut hana í höfuðið árið 2012, en hægt var að bjarga henni og hún hlaut Friðarverðlaun Nobels árið 2014 fyrir að halda áfram baráttu sinni fyrir menntun stúlkna. Við móttöku á Nóbelsverðlaununum vissi hún að hún stóð þar fyrir svo margar aðrar. “Ég er líka Shazia. Ég er líka Kainat (tvær aðrar stúlkur sem voru einnig skotnar),” sagði hún í kraftmikilli ræðu sinni. “Ég er Mezon (sýrlenskur flóttamaður). Ég er Amina (sem hótað var af Boko Haram í Nígíeríu). Ég er allar þær 66 milljónir stúlkna sem fara á mis við menntun. Og í dag ætla ég ekki að hækka röddina því hún er rödd hinna 66 milljón stúlkna.

Kjörorð mitt sem Alþjóðaforseta snýst um Virðingu, Samhljóm og Mannúð. Ég held að eitt mikilvægasta verkefni okkar í Lions, sé að leggja lið við að hjálpa fólki til að búa við virðingu. Við þurfum sérstaklega að hjálpa börnunum, þau eru framtíð okkar. Við þurfum að hjálpa börnum sem berjast við sjúkdóma, börnum í flóttamannabúðum og börnum sem

líða af hungri. Við þurfum að hjálpa börnum til að komast úr fátæktargildru. Við þurfum að hjálpa börnum við menntun og ólæsi í gegnum Lestrarátakið okkar. Við getum gert svo miklu meira. Nú er tækifæri fyrir alla Lionsfélaga að taka til hendinni og hjálpa börnum í þörf um víða veröld. Framtíð okkar veltur á því. Ákall Malölu um hjálp fyrir ungu kynslóðina hlýtur að klingja sannfærandi í eyrum Lions í dag, á sama hátt og ákall Helenu Keller um hjálp fyrir hina blindu bergmálaði meðal Lionsfélaga fyrir 90 árum síðan. Eins og Malala sagði, “Við höfum nú þegar stigið mörg skref. Nú er kominn tími á að taka stökk. ...Við þurfum að vinna, ekki bíða. Ekki bara stjórnálamenn og heimisleiðtogar, við þurfum öll að leggja okkar skerf. Ég. Þú. Við. Það er skylda okkar.

Dr. Jitsuhiro Yamada

Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar

Þýðing: Geir Hauksson



## Umdæmisstjóri 109B

Stefán Árnason

umdæmisstjóri 109B



Á gætu Lionsfélagar. Undanfarnar vikur hafa farið í að heimsækja klúbba. Eins og fyrr þá hef ég einsett mér að heimsækja hvern klúbb á hans fundartíma og fundarstað og ná þannig að kynnast karakter hvers klúbbs. Allir eiga

klúbbarnir það sameiginlegt að láta gott af sér leiða og allir horfa þeir fyrst til nærsamfélagsins. Yfirleitt er starf klúbbanna öflugt en þó er það þannig að nokkrir klúbbar eiga í vandræðum með að fá nýja félagar til liðs við sig.

Á umdæmisfundi sem haldinn var 21. nóvember s.l. urðu hreinskiptar og góðar umræður um innra starfið og stöðu félagamála í B umdæminu. Þar var rætt um hvernig við gætum unnið saman að því að efla klúbba og/eða svæði og hvernig hreyfingin geti komið til hjálpar. Það er rétt að ítreka það sem áður hefur fram komið að Lionshreyfingin er ávalt tilbúin að aðstoða einstaka klúbba eða svæði ef á þarf að halda.

Umræðu eins og þeirri sem fram fór á umdæmisfundinum ber að fagna því hún er fyrsta skref til úrbóta. Er ekki rétti tíminn einmitt núna til að taka höndum saman og fá nýja félagar til liðs við hreyfinguna, starfinu til styrktar.

Björg Bára varaumdæmisstjóri benti réttilega á í þessari umræðu að við mættum

ekki vandamálavæða hreyfinguna þó vissulega sé eitthvað um staðbundna erfileika. Ég tek undir þessi orð Bjargar Báru og hvet til þess að við horfum frekar til sóknarfæra og nýtum.

Verkefnin sem Lions vinnur að eru undantekningarlaust góð og starfið er skemmtilegt. Verum ófeimin við að koma því á framfæri við öflun nýrra félaga.

Fyrir stuttu var í Ríkisútvarpinu fjallað um verkefni sem Lionsklúbbar eru að vinna að. Annars vegar var það skötuverkun Ísafirðinga og hins vegar bíórekstur Lionsklúbbs Patreksfjarðar. Þarna voru stoltir Lionsfélagar á ferðinni, ófeimnir við að segja frá starfi sínu. TÖKUM ÞÁ OKKUR TIL FYRIRMYNDAR. Nýtum hvert tækifæri sem gefst til að koma góðu starfi Lions á framfæri.

Svo óska ég öllum lesendum blaðsins gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Samstarfsfélögum í Lions ber að þakka sérstaklega fyrir góð kynni og skemmtilegar stundir á árinu sem senn er liðið.

# Umdæmisstjóri 109A

Jón Pálmason

umdæmisstjóri 109A



Kæru lionsfélagar, Nóvember mánuður hefur farið í að heimsækja klúbbana og er ég búinn núna um mánaðarmótin að heimsækja um tuttugu klúbba. Ég er yfirleitt ánægður með klúbbana og þeir eru eins misjafnir eins og þeir eru margir. Það er gaman að sjá hvernig klúbbarnir hafa aðlagð sig að aðstæðum sínum og þörfum. Það er að sjálfsögðu eins og það á að vera. Félagar í flestum klúbbunum eru greinilega mjög ánægðir með starfið og brosið og ánægjan skín úr hverju andliti. Hins vegar eru félagar nokkurra klúbba með örlitinn deyfðarsvip, eins og þeir hafi ekki fengið fóður í nokkurn tíma. Í þeim klúbbum þyrfti að koma inn einhver innspýting til að hressa þá við. Í nokkrum þessara klúbba kenna félagarnir aldri um, en þegar litid er yfir hópinn þá eru félagar þessara klúbba að meðaltali yngri en félagar þeirra klúbba sem hvað best hafa það.

## Klúbbformenn eru lykilinn að árangri okkar

Ég er þeirrar skoðunar að **betri undirbúningur formanna klúbba** sé eitthvað sem þarf að taka hönd um. Ég er ekki að halda fram að formenn veiku klúbbana nú séu ekki góðir núna, heldur að formenn í nokkurn tíma hafi ekki fengið nægan undirbúning fyrir

starfið. Klúbbarnir ættu að vera með langtíma áætlun um hvernig formenn þeirra eru þjálfaðir upp. Til dæmis eigi aldrei að gera nýja féлага að formönnum, heldur eigi að setja markmið með hæfileikaríka nýja féлага að þeir geti orðið formenn eftir um 5 ár. Áður hafi þeir setið í stjórn, tekið þátt í nefndarstörfum og séð um undirbúning verkefna.

**Nú munu einhverjir segja að núverandi formenn séu búnir að vera formenn nokkrum sinnum áður, þá vil ég segja að ef klúbbar þurfa að endurnýta formenn með fárra ára fresti, að þar vanti sérstaklega að huga að skólun féлага sem geti orðið formenn. Það eru alltaf félagar innan um sem geti orðið formenn fái þeir til þess hæfilega uppörvun og þjálfun.**

## Umdæmis og fjölumdæmisfundir

Nú að öðru, laugardaginn 21. nóvember voru haldnir umdæmis og fjölumdæmisfundir. Þar voru góðar umræður um ýmis mál. Nokkuð var rætt um félagamál og bent á að með nógu verkefnum, sem margir taka þátt í og með því að sjá um að fundir séu skemmtilegir þá séu félagarnir ánægðir og þá laðast að nýir félagar og haldast þeir gömlu. **Félagar athugið að þetta er fóðrið okkar.**



Heimsókn í Lionsklúbb Eskifjarðar. Blásið hefur verið lífi í klúbbinn og má það þakka starf Snorra Jónssonar svæðisstjóra t.h, sem hefur stutt stjórna í þessu starfi. Gera þeir sér vonir um að fá 5 nýja féлага.



Inntaka nýs féлага í Geysi. Embættismenn við inntökuna, séra Kristján Valur Ingólfsson, formaður og meðmælandi Guðmundur Ingólfsson, nýr félagi Asgeir Ásgeirsson, umdæmisstjórinn Jón Pálmason og fo. umdæmisstjóri Kristófer A. Tómasson.

## Rætt var um starf og hlutverk svæðisstjóra.

Haft var eftir einum svæðisstjóranum að honum hafi verið sagt að hann þyrfti aðeins að sjá um 3 fundi. En reyndin er að hann hafi þurft að mæta á 3 svæðisfundum, 3 umdæmisfundum, þing, sækja námskeið, og fara á 7 klúbbfundum. Þetta er að sjálfsögðu ekkert merkilegt, en vandinn er ef viðkomandi hefur verið blekkur til að taka að sér þetta starf á röngum forsendum. Það að vera svæðisstjóri er talsvert starf og mjög mikilvægt fyrir hreyfinguna. Fram hefur komið sú skoðun að svæðisstjórar eigi að vera tvö ár í starfi. Ég tel betra að þeir hefji starfið sem vara svæðisstjórar/ritarar og komast þannig inn í verkefnið. Tek fram að svæðisstjórinn sem setti þetta svona fram hefur unnið starf sitt betur en flestir.

Eins var rætt um val á svæðisstjórum. Hefðin er að tilnefning svæðisstjóra gengur á milli klúbba

og hefur þeim gengið misjafnlega að tilnefna í embættið. Lögin segja að tvær leiðir séu til að velja svæðisstjóra, annað hvort kjósi svæðin sér svæðisstjóra eða umdæmisstjórinn velji sér svæðisstjóra. Í reynd er það þannig að umdæmisstjóri velur sér þann fulltrúa sem viðkomandi klúbbur hefur tilnefnt. Oftast gengur það vel, en þó eru dæmi um svæðisstjóra sem ekki hafa náð tökum á verkefninu.

**Að lokum** vil ég hvetja féлага og klúbba að nýta sér þau fjölmörgu námskeið sem í boði eru. Bendi ég þeim sem áhuga hafa á að hafa samband við svæðisstjóra, fræðslustjóra eða umdæmisstjóra og fá leiðbeiningar um val á námskeiðum við hæfi.

Byð ég öllum Lionsfélögum gleðilegra jóla og þakka samstarfið á árinu.

Verið góð við hvort annað og hafið gleðina í starfi ykkar að leiðarljósi.

## Viðtal við Jitsuhiro Yamada

Nýverið heimsótti Jitsuhiro Yamada alþjóðaforseti Lions Clubs International Ísland. Í því tilefni gafst undirrituðum tækifæri á að ræða stuttlega við hann.

Jitsuhiro Yamada gerðist félagi í Minokamo Lions Club í Japan árið 1985. Áhuga sinn á málefnum Lions fékk hann frá föður sínum sem var virkur Lionsfélagi. Yamada nam læknisfræði í Tokyo eins og margir aðrir í fjölskyldu hans. Sérgrein hans eru heila- og taugaskurðlækningar. Í náminu kynntist hann eiginkonu sinni Toshiko sem var ein af 12 konum í hópi 120 læknanema. Þau giftu sig við námslok og stofnuðu heimili sitt í Tokyo. Þau eiga 2 börn, dóttur og son, og þrjú barnabörn. Þegar hann var 38 ára gamall fluttu þau heimili sitt til Minokamo þar sem hann hóf störf við sjúkrahús sem móðir hans hafði stofnað. Ári síðar greindist hann með krabbamein í lifur sem tókst að lækna.

Árið 1988 stofnaði hann hjúkrunarheimili fyrir aldraða eitt hið fyrsta í Japan. Í dag hefur hann stofnsett alls 30 hjúkrunarheimili fyrir aldraða í sinni heimabyggð. Einnig hefur hann verið í fararbroddi með að nútímavæða heilbrigðisþjónustu í Japan. Bæði tæknilega og með fjölbreyttu alþjóðlegu samstarfi. Yamada situr í stjórn nokkurra heilbrigðisstofnana og í stjórn Japan Hospital Association.

Jitsuhiro Yamada skynjaði fljótt hið alþjóðlega svið Lionshreyfingarinnar. Starfsárið 1996-1997 var hann umdæmisstjóri í sínu umdæmi. Á því starfsári var Augustin Soliva alþjóðaforseti. Árin 2005-2007 sat hann í alþjóðastjórn Lionshreyfingarinnar.

Aðspurður sagði hann að þörf samfélagsins fyrir þjónustu Lions væri mismunandi eftir því hvar í heiminum Lionsfélagar lifðu. Þörfin fyrir alþjóðlega aðstoð væri mikil og japanskir Lionsfélagar styðja vel við alþjóðahjálparsjóð Lions, LCIF.

Lionshreyfingin barst til norðurlandanna eftir seinni heimsstyrjöldina. Þróun í fjölda Lionsfélaga á norðurlöndunum hefur verið svipuð. Fjöldi Lionsfélaga óx hratt og áhrif þeirra á nærsamfélag sitt voru mikil. Undir lok síðustu aldar hefur Lionsfélögum fækkað víða um heim þar sem Lionshreyfingin hefur starfað lengst. Sömu þróun má sjá í t.d. BNA. Aðspurður um þessa þróun sagði Yamada að breytingar í afkomu og lífsstíl milli kynslóða hefði áhrif á hvernig Lions starfar. Þörfin fyrir Lions væri til staðar en ekki endilega fyrir sömu málefni og fyrir einhverjum áratugum.

Umræðurnar bárust að hlutverki kvenna í Lions. Með þjóðfélagsbreytingum seinni hluta síðustu aldar óx þátttaka kvenna á vinnumarkaði og hlutverk kynjanna breyttust. Þessi þróun leiddi til þess að eðlilegt þótti að opna Lionshreyfinguna fyrir þátttöku kvenna. Á alþjóðþingi hreyfingarinnar 1987 (sjöttu árum eftir stofnun LCI) var formlega samþykkt að konur gætu orðið Lionsfélagar. Svipaðar breytingar urðu hjá öðrum alþjóðlegum þjónustuhreyfingum um svipað leiti.

Tal okkar barst nú að aukinni þátttöku kvenna í stjórnun LCI. Konur hafa átt fulltrúa í alþjóðastjórn LCI og nú er í hreyfing í þá átt að fyrsta konan verði í framboði til alþjóðaforseta LCI. Guðrún Björt Yngvadóttir hefur gefið kost á sér til embættis annars varaalþjóðaforseta á heimsþingi hreyfingarinnar á næsta ári. Yamada upplýsti að 14 einstaklingar hefðu gefið kost á sér og eftir ítarlegar viðræður við þessa



einstaklinga gæti hann sagt að hann væri 100% öruggur um að Guðrún Björt Yngvadóttir myndi ná kjöri. Hann taldi að með kjöri hennar sem fyrstu konu á stól alþjóðaforseta Lions myndu margar konur fá hvatningu til að gerast Lionsfélagar og stækka þannig hóp Lionsfélaga um allan heim. Þátttaka kvenna í starfi Lions hefur þegar sýnt sig í auknum fjölbreytileika þeirra verkefna sem Lions sinnir.

Undir lok viðtalsins spurði ég hann út í 100 ára afmæli hreyfingarinnar, sem stofnuð var 1917 í BNA. Aldarafmælið verður haldið hátíðlegt árið 2017.

Yamada taldi að aldarafmælið yrði gott upphaf að næstu hundrað árum í starfi Lions. En áður en Lionshreyfingin fagnar 100 ára afmælinu þyrfti hún að líta í eigin barm og á sögu sína. Halda til haga góðum þáttum og losa sig við gamla og úrelta siði. Til þess þyrfti hreyfingin að nota næstu 1-2 árin. Yamada er viss um að fyrstu áratugir í upphafi nýrrar aldar í starfi Lions muni sýna nútímalegri hlið á starfinu. Starf sem væri meira í takt við þarfir samfélagsins og þannig ætti Lions að vera.

*Þór Steinarsson, fyrrverandi fjöllumdæmisstjóri.  
Félagi í Lionsklúbbum Fjörgyn*



## Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fánleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.  
EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

# Myndasíða frá heimsókn alþjóðaforseta Lionshreyfingarinnar Dr. Yamada



# Kæru lionsfélagar

Guðmundur Helgi Gunnarsson

Fjölumdæmisstjóri



Nú líður að þeim tíma að starfsár okkar er að verða hálfnað og ekki hægt að segja annað en að tíminn hafi flogið áfram og starfsemi Lionshreyfingarinnar um land allt er komin á fullt skrið. Nú á adventunni hafa margir Lionsklúbbar á landinu þann góða sið að gleðja einstaklinga og fjölskyldur sem eiga um sárt að binda og er það gert með ýmsum hætti m.a. með matargjöfum fyrir jólin.

Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar Dr. Jitsuhiro Yamada heimsótti Ísland dagana 30. og 31. október og með honum í för var túlkur hans Yoshiko Merz, tókst heimsóknin í alla staði mjög vel og var ekki annað að heyra en forsetinn væri mjög ánægður með heimsóknina og hafði orð á að hann mundi koma hér aftur til að skoða landið betur. Fyrst á dagskrá hans var að heimsækja BUGL og skoða starfsemina þar og tók hann síðan þátt í að afhenda tvær bifreiðar sem Lionsklúbburinn Fjörgyn færði BUGL að gjöf, einnig var gefin til heimilisins við þetta tækifæri fullkomin kaffivél. Þar á eftir var Frú Vigdís Finnbogadóttir f.v. Forseti Íslands heimsótt á heimili hennar þar sem þau ræddu um samskipti landa okkar og styrk kvenna í ábyrgðastöðum og nauðsyn jafnréttis á milli kynja. Einnig var rætt um þau merku tímamót þegar að Íslenska þjóðin kaus konu sem þjóðhöfðingja fyrst þjóða heims og það sama er í farvatninu hjá Lionshreyfingunni í dag þar sem allar líkur eru á að Íslensk kona Guðrún Björt Yngvadóttir verði kjörin fyrst kvenna sem Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar. Næst á dagskránni var að heimsækja Augnlækningadeild LHS þar sem Dr. Yamada ræddi við augnlækna og fræddist um starfsemina á deildinni og honum sýnd hluti þeirra tækja sem gefin hafa verið af Lionshreyfingunni með aðstoð Alþjóða hjálparsjóðs Lionshreyf-



ingarinna. Japanska sendiráðið var heimsótt þar sem Dr. Yamada átti gott samtal við sendiherra Japans á Íslandi. Í lok fyrri dags heimsóknarinnar var opið hús í Lionsheimilinu við Sóltún þar tóku Lionsfélagar á móti alþjóðaforseta og gáfu sig á tal við hann.

Seinni dag heimsóknar heimsótti Dr. Yamada Íþróttasamband fatlaðra þar sem Lionsklúbbar hafa verið góðir bakhjarlar, má þar nefna klúbbana Eir og Víðarr. Þar næst var Heilbrigðisráðuneytið heimsótt þar sem alþjóðaforseti fékk fræðslu um heilbrigðismál á Íslandi og undraðist hann hve öflugt heilbrigðiskerfi er hjá svo fámennri þjóð en þess ber að geta að Dr. Yamada er heila og taugaskurðlæknir. Skólabókasafn Seljaskóla var heimsótt þar hefur Lkl. Fold styrkt safnið með bókaþöfum sem er liður í Lestraráttaki Lions hreyfingarinnar, og að lokum var haldið í gróðurreit Lkl. Ásbjarnar en þar hafa 17 síðustu alþjóðaforsetar gróðursett tré og að sjálfsögðu gerði Dr. Yamada það líka. Dr. Yamada og Yoshiko túlkur hans fóru frá landinu að morgni 1.nóvember eftir mjög vel heppnaða heimsókn.

Laugardaginn 21.nóvember voru fundir í umdæmisstjórnnum og fjölumdæmisráði og var form funda með þeim hætti að umdæmin funduðu fyrir hádegi og voru þar m.a. á dagskrá skýrslur umdæmisstjóra og svæðisstjóra. Eftir hádegi var fundur í fjölumdæmisráði þar sem fjölumdæmisstjóri flutti sína skýrslu og umdæmisstjórar greindu frá efni umdæmisfundanna, þar á eftir komu skýrslur frá flestum vinnuhópum í umdæmum og fjölumdæmi. Þar kom m.a. fram að komin eru tilboð í nýja heimasíðu fyrir Lionshreyfinguna og eru viðræður hafnar við lægstþjóðanda.

Húseignin okkar í Sóltúni 20 hefur verið í sölulferli og hafa borist þrjú formleg tilboð í

eignina öll frá sama aðila en með stuttum afhendingar tíma sem síðar var breytt og tími rýmkaður en það sem verra er að hægt gengur að finna húsnæði sem við teljum að geti fullnægt þörf Lionshreyfingarinnar og eitt er víst að ekkert húsnæði er að hafa í nágrenni Sóltúns og höfum við því víkkað leitarsvæði okkar en án árangurs. Við þessar aðstæður höfum við ekki treyst okkur til að ganga að tilboðum þeim sem komið hafa í eignina, þar sem engar passlegar eignir eru að finna í söluskrá. Við höfum sett okkur það markmið að Lionshreyfingin verði ekki skuldsett svo teljandi sé vegna fasteignaskiptanna en ég tel það ekki trufla okkar möguleika sem stendur.

Þann 18.nóvember var haldið málþing í Norræna húsinu sem bar yfirskriftina „**Konur og Lions**“ og tókst málþingið í alla staði vel en þar voru flutt sjö mjög fróðleg erindi og vil ég þakka fyrirlesurum góð erindi. Ég hefði gjarnan kosið að mæting væri betri, en flestir í salnum voru Lionsfélagar. Það er einlæg von mín að það hafi kviknað löngun hjá einhverjum af þeim gestum sem sóttu málþingið að kynnast Lionshreyfingunni nánar.

Dagana 11. og 12. desember næstkomandi hittast fjölumdæmisstjórar Norðurlandanna á árlegum fundi sem er til undirbúnings fyrir NSR þingið í Finnlandi í janúar 2016, einnig verða rædd ýmis mál sem varða alþjóðþingið í Japan næsta sumar. Fundinn sækir einnig Árni B. Hjaltason vara fjölumdæmisstjóri.

Kæru félagar nú styttest í jólahátíðina, hátíð ljóssins og vona ég að aðdragandi jólanna adventan verði ykkur ánægjulegur og skapandi tími og að heilum hug óska ég ykkur og fjölskyldum ykkar gleðilegra jólahátíðar og farsældar á komandi ári með þökkum fyrir árið sem er að líða.



# Umhyggja fyrir mæðrum og börnum þeirra í Ekvador

## Eftir Cassandra Bannon

Á fundi í Lkl. Quito Los Olivos voru félagar klúbbsins að skiptast á hugmyndum að verkefnum.

Við hliðina á klúbbsinsu þeirra stendur minnisvarði um þá skuldbindingu sem klúbburinn hefur þegar tekið að sér en síðan 1997 hefur klúbburinn rekið þar heilsugæslustöð fyrir heimabyggðina. Lkl. Quito Los Olivos var stofnaður 1980 og í honum eru 29 félagar.

Með innheimtu lágmarks komugjalda hefur klúbbum tekist að reka þessa heilsugæslustöð sem er opin 6 daga vikunnar með 22 heilbrigðis menntuðum starfsmönnum.

Með smáskurðlækningum, taugaskurðlækningum, augnskurðlækningum og liðskiptaaðgerðum ásamt hefðbundinni lækniástoð þjónar læknastöðin yfir 20.000 einstaklingum á ári. Síðan 2002 hefur læknastöðin boðið aðgerðir vegna klofins góms og skarðs í vör, frítt fyrir illa staddar fjölskyldur.

Önnur einkarekin læknastöð á svæðinu hefur innheimt allt að 50 US\$ fyrir fæðingþjónustu sem er langt umfram fjárhagsgetu margra íbúanna. Undanfarið hefur starfsfólk læknastöðvarinnar orðið vart aukinn fjölda tekjulágra verðandi mæðra sem leita aðstoðar.

Á fyrrnefndum klúbbsfundum var ákveðið að ráða bót á þessari auknu eftirspurn.

Með aðstoð fleiri klúbba á svæðinu hafa þeir nú byggt eina hæð ofan á læknastöðina til að hýsa fullkomna fæðingardeild. Öll faglega þekking var til staðar hjá starfsfólkinu og nú vantaði bara nauðsynlegan tækjabúnað.

Alþjóðahjálparsjóður Lionshreyfingarinnar (LCIF) samþykkti umsókn klúbbsins og veittu 59.043 US\$ „Standard Grant“ til Lions í Ekvador. Styrkurinn var notaður til að kaupa nauðsynlegan búnað eins og hitakassa fyrir nýbura, sónar skoðunartæki, hjartarita, önnur skoðunartæki, vöggur, fæðingarbekk og sjúkrarúm.

„Það er mikilvægt að geta horft með björtum augum á framtíðina“ segir Laura Inés Rodríguez Zapatero nýbökud móðir. „LCIF og Lkl. Quito los Olivos hafa gefið okkur ástæðu til að gera það“.

Styrkurinn frá LCIF hefur orðið til þess að læknastöðin getur nú veitt mun betri þjónustu og mun fleiri hafa aðgang að boðlegri lækniástoð. Verðandi mæður fá nú alla nauðsynleg fræðslu og undirbúning fyrir fæðinguna ásamt hefðbundinni eftirfylgni og aðstoð við að undirbúa framtíðina. Læknastöðin býður einnig upp á bólusetningar, næringarráðgjöf og almenna lækniástoð fyrir börnin.

Eftir þessa breytingu fá nú um það bil 30.000 einstaklingar nauðsynlega aðstoð á hverju ári. Það þýðir heilbrigðari börn, heilbrigðara fjölskyldulíf og heilbrigðara samfélag.



Lionsfélagar í Ekvador hafa skuldbundið sig til að bæta heilsu mæðra og barna þeirra.

LCIF „Standard Grant“ eru mótframlag til Lionsklúbba eða umdæma. Styrkirnir geta verið á bilinu 10.000 – 100.000 US\$ og eru veittir til verkefna sem klúbbar eða umdæmi telja nauðsynlegt að sinna og eru til hagsbóta fyrir fjölda fólks.

Frekari upplýsingar um hvernig Lionsklúbbar geta sótt um LCIF Standard styrk er hægt að finna á [www.lcif.org](http://www.lcif.org). Einnig má hafa samband við LCIF fulltrúa fjölumdæmisins eða umdæmanna.

Þýðing: Kristinn Hannesson



# Þýðing á alþjóðalögum Lionshreyfingarinnar

Einar Þórðarson

fráfarandi umdæmisstjóri 109A



Um þessar mundir er verið að ljúka við þýðingu alþjóðalaga Lionshreyfingarinnar og verða þau kynnt á næsta Lionsþingi vorið 2016.

Á síðasta starfsári, 2014-2015, ákvað þáverandi fjöllumdæmisstjórn að láta þýða alþjóðalög Lionshreyfingarinnar yfir á Íslensku. Stjórnin tryggði fjármagn í verkefnið því hún taldi það brýnt að klára þýðingarnar

á starfsárinu. Síðan þyrfti að aðlaga lögina að málfari Lions, kynna þau fyrir Lionsfélögum og loks samþykkja þau á Lionsþingi. Okkar takmark var að á 100 ára afmæli Lionshreyfingarinnar ætti Íslenska Lionshreyfingin alþjóðalögin á íslensku.

Segja má að tvennt hafi ýtt undir að farið var í þetta stóra verkefni. Annað var að alþjóðahreyfing Lions verður 100 ára 2017 og það væri vegleg afmælisgjöf til Lions á Íslandi að fá lögina þýdd á íslensku. Þannig gætu allir Lionsfélagar lesið og kynnt sér þau. Hitt er að lögini sem við störfum eftir í dag eru að grunni til frá 1998 með nokkrum breytingum á síðari árum. Þau eru einfaldlega börn síns tíma. Í þau vantar stóra lagabálka og þau hafa ekki verið uppfærð skv. lagabreytingum alþjóðalaganna. Í einhverjum tilfellum erum við heldur ekki að starfa eftir þeim. Þau eru heldur ekki mjög aðgengileg hinum almenna Lionsfélaga.

Laganefndin fékk löggilta skjalapýðendur sér til aðstoðar og henni tókst að ljúka við grunnþýðingu á bæði umdæmislögum og fjöllumdæmislögum s.l. vor, en eftir er að aðlaga málfar og ýmis heiti að orðalagi Lions.

Á síðasta fjöllumdæmisþingi tókst því

miður ekki að kynna þýðingarvinnuna nægilega vel vegna tímaskorts þingsins.

Á síðasta fundi fjöllumdæmisráðs 21. nóvember s.l. kynntu þau Kristinn Kristjánsson og Áslaug Þórarinsdóttir f.h. laganefndar, stöðu verkefnisins. Það er í góðum gangi og hefur nefndin sett sér það markmið að lögini verði kynnt á þinginu næsta vor 2016 – og vonandi lög fram til samþykktar.

Ef þú Lionsfélagi góður vilt kynna þér alþjóðalög Lionshreyfingarinnar þá heita þau District Constitution By Law og Multible District Constitution By Law. Þau er að finna á vefsíðunni <http://www.lionsclubs.org/>

Við skulum hafa það hugfast að alþjóðalög Lions eru þau lög sem gilda og er ofar öllum öðrum lögum hreyfingarinnar. Á hverju ári koma fram lagabreytingar á alþjóðalögum og okkur ber skilda til að fylgja breytingunum eftir og samþykkja þau. Búum okkur undir að taka upp önnur vinnubrögð en við höfum tamið okkur, vinnubrögð sem eru samkvæmt alþjóðalögum Lions.

Gleðileg jól og gott og farsælt nýár.



## Opnið hús föstudaginn 11. desember

kl. 12:00–13:00 í Lionsheimilinu, Sóltúni 20 105 Reykjavík


- \* Kaffi og kleinur í boði hússins
- \* Súpa + Bingóspjald á 500 kr.
- \* Allir velkomnir
- \* Takið með ykkur gesti



Spilað verður Jóla-BINGÓ í hádeginu

*Ekki koma of seint*

## Medalíur, minningar og gleraugu



Íþróttafólk allstaðar að úr heiminum kom saman til að keppa í íkajakróðri, blaki og hafnarbolta á Special Olympics heimsleikunum í Los Angeles í sumar sem leið. Mörg þeirra sneru heim með fleira en verðlaun og minningar. Í fyrsta sinn í langan tíma gátu þau séð skýrt og greinilega eftir að hafa fengið augnskönnun og ókeypis gleraugu. Og sum gátu loksins heyrt í fyrsta sinn með ókeypis heyrnartækjum eftir að hafa verið heyrnarmæld. Heilsuverkefni Special Olympics kannaði sjón og heyrn næstum 80% íþróttafólksins sem taldi 6.500 manns en margt fólk með þroskahömlun fær litla sem enga heilbrigðisþjónustu. Lions hefur unnið með Special Olympics í verkefninu "Opnum augun" sl. 15

ár og tók þátt í að manna sjón- og heyrnardeildir Háskóla Suður-Kaliforníu. Mælingarnar voru töfrum líkar en bliknuðu þó í samanburði við það sem fram fór á eftir í lauginni eða á íþróttavellinum. Sex leikmenn körfuboltaliðs Nígeríu, sem höfðu aldrei heyrt merkjanleg hljóð samkvæmt upplýsingum frá ESPN, fengu heyrnartæki. Þegar níttján ára miðherji kveikti á heyrnartækinu sínu í fyrsta sinn, brosti hann og hló og sagði síðan á táknmáli: "Ég heyri, ég heyri hljóð".

*Þýðing: Edda Briem*

## Lionsklúbburinn Eir



Camilla Th. Hallgrímsson félagi í Lionsklúbbnum Eir var sæmd Heiðurskrossi Íþróttasambands Íslands fyrir störf sín fyrir sambandið. Camilla var varaformaður Íþróttasambands fatlaðra í 22 ár og stóð sig afar vel í því starfi og fékk því þessa viðurkenningu. Camilla var stofnfélagi í Lionessklúbbnum Eir árið 1984 og síðar í Lionsklúbbnum Eir. Hún hefur þrisvar sinnum verið formaður klúbbsins og er núna siðameistari og situr í félaganefnd. Hér má sjá nokkrar myndir sem teknar voru þegar Camilla var sæmd Heiðurskrossinum.

## Í samræmi við starfsreglur og lög fjölumdæmis 109 vill fjölumdæmisstjórn koma eftirfarandi á framfæri til allra Lionsfélaga

Fjölumdæmis- og umdæmisþing verða haldin í Mosfellsbæ dagana 22. og 23. apríl 2016.

Framboð til embætta og tillögur skal taka fyrir á fjölumdæmis- og umdæmisþingum 2016

Frestur til að skila inn tillögum um breytingar á lögum og um mál sem leggja á fyrir þingin er samkvæmt 27. gr. laga fjölumdæmis 109 og í þeirri grein segir:

1. **Mál og / eða tillögur sem klúbbur og/eða klúbbar óska eftir að séu rædd á umdæmisþingi / fjölumdæmisþingi, skulu pósthleggjast umdæmisstjóra / fjölumdæmisstjóra eigi síðar en 45 dögum fyrir umdæmisþing / fjölumdæmisþing.**

*(Síðasti skiladagur fyrir 61. Lionsþing er því 9. mars 2016.) Fjölumdæmisráð / umdæmisstjórnir fjalla um slíkar tillögur og gefa þeim álit.*

2. **Tillögur um framboð til embætta umdæmisstjóra, fyrsta og annars varaumdæmisstjóra fyrir starfsárið 2016 – 2017 Skal senda kjörnefndum fyrir 15. febrúar 2016.**

**Kjörgengi til embættis umdæmisstjóra hefur fyrsti varaumdæmisstjóri, kjörgengi til embættis fyrsta varaumdæmisstjóra hefur annar varaumdæmisstjóri**

**Um kjörgengi til embættis annars varaumdæmisstjóra segir í 36. gr. laga Fjölumdæmis 109: Sá einstaklingur skal vera:**

- a) Starfandi Lionsfélagi og hafa staðið í skilum við klúbb sinn, enda sé klúbburinn einnig skuldlaus við Alþjóðasambandið og fjölumdæmi 109.
  - b) Hafa tryggt sér stuðning síns klúbbs eða meiri hluta klúbba síns umdæmis.
  - c) Hafa lokið eða verið að ljúka embætti sem formaður Lionsklúbbs og hafa setið í stjórn Lionsklúbbs í a.m.k. tvö önnur ár.
  - d) Hafa lokið eða verið að ljúka embætti (svæðisstjóri, gjaldkeri/ritari) í umdæmisstjórn.
  - e) Ekki má gegna ofangreindum embættum (c og d) samtímis nema til komi undanþága frá Alþjóðastjórn.
3. Tillögur um framboð til embættis fjölumdæmisstjóra fyrir starfsárið 2016 – 2017 og embættis vara fjölumdæmisstjóra fyrir starfsárið 2016 – 2017 skal senda fjölumdæmisritara fyrir 15. febrúar 2016. Þeir einir eru kjörgengir til embættis fjölumdæmisstjóra sem hafa gegnt embætti vara fjölumdæmisstjóra og til embættis vara fjölumdæmisstjóra sem gengt hafa embætti umdæmisstjóra.
  4. Á umdæmis- og fjölumdæmisþingum í Mosfellsbæ verður:
    - a) Kosið í embætti umdæmisstjóra 109 A og 109 B starfsárið 2016 – 2017.
    - b) Kosið í embætti fyrsta og annars varaumdæmisstjóra 109 A og 109 B starfsárið 2016 – 2017.
    - c) Kosið í embætti fjölumdæmisstjóra starfsárið 2016 – 2017.
    - d) Kosið í embætti vara fjölumdæmisstjóra starfsárið 2016 – 2017.

Einnig þarf að kjósa eða skipa í eftirtalin embætti fjölumdæmisráðs með framboðsfresti til 15. febrúar 2016:

- a) Alþjóðasamskiptastjóri 2016 – 2018
- b) Kynningarstjóri 2016 – 2018
- c) Hjálparsjóðsstjóri 2016 – 2019
- d) Formaður Kjaransorðunefndar 2016 – 2019

Embætti sem þarf að kjósa um á fjölumdæmisþingi en ekki senda inn tillögur um eru:

Fjölumdæmisritari til eins árs, fjölumdæmisgjaldkeri til eins árs, tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara til eins árs.

Þessi embætti eru án skilyrða og opin öllum áhugasömum Lionsfélögum.

Mosfellsbær 26. nóvember 2015

Guðmundur Helgi Gunnarsson, Fjölumdæmisstjóri 2015 - 2016

# Sólarorkuofn

## Sameiginlegt NSR verkefni

Árni V. Friðriksson

Alþjóðasamskiptastjóri



Á Evrópuþingi Lions sem haldið var í Augsburg í Þýskalandi dagana 9. – 10. október sl. gerðu Finnar grein fyrir sameiginlegu verkefni Norðurlandanna sem mun standa yfir árin 2015 – 2017 og unnið er í samvinnu við Lionsfólk í Kenýja.

Verkefnið er að koma í notkun sólarorkuofnum sem auðvelda eldamennsku. Kenýja varð fyrir valinu til að koma verkefninu af stað.

Margir íbúar Kenýja búa við frumstæðar aðstæður og verða að notast við einfaldar aðferðir þegar kemur að matseld. Opinn eldur verður því oftast eini valkosturinn. Vegna þess að þessi aðferð gengur mjög á skóga t. d í Kenýja, en skógar þar rýrna um 0,3 % árlega, var ákveðið að framleiða svokallaða sólarorkuofna sem bæði auðvelda matseldina, og ekki síst, ganga hvorki á skóga né önnur jarðefni. Þetta verkefni fellur því vel undir 100 ára markmið Lions um umhverfisvernd. Til viðbótar framlagi Norðurlandanna kemur móttframlag frá alþjóðahjálparsjóðnum. Heildakostnaður þessi tvö ár er 235.000 evrur og þar greiða Finnar 32%, Svíar 24%, Norðmenn 23%, Danir 17% og Íslendingar 4%.



### Hver ofn kostar u.þ.b. 50 evrur.

Talið er að á þessu tímabili muni vera hægt að þjónusta allt að 20.000 manns en umhverfislega séð gæti árangurinn náð til 200.000 manns.

Um er að ræða þrjár gerðir af ofnum. Gengið er út frá því að allt efni sé til staðar í Kenýja. Ofnhlutarnir eru afhentir í þorpum þar sem heimafólk setur þá saman. Það kom fram í kynningu Finnanna að það hafi reynst áskorun að sannfæra karmenn (Höfðingjana) í þorpunum um ágæti ofnanna. Hvar áttu þeir þá að ræða málin eftir matinn þegar enginn eldur var til að sitja í kringum?

Eldiviðarsöfnunin hefur verið verk kvenna og barna og mikill tími fer í þá vinnu því raunin er sú að alltaf þarf að fara lengra og lengra eftir viðnum. Með þessari ofnavæðingu er því ljóst að meiri tími gefst í önnur verk svo sem fyrir menntun barnanna.

Það er því ljóst að þetta verkefni norræna Lionsfólksins mun bæta lífsgæði fólks í Kenýja og seinna efalaust víðar.

## Minning + Sveinn Kristjánsson



*Kveðja frá Lionsklúbbi Kópavogs*

Sveinn Kristjánsson fæddist að Hæli í Gnúpverjahreppi 17. apríl 1925. Hann lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ 21. október sl. Sveinn gekk í Lionsklúbb Kópavogs 1983. Hann var ötull liðsmaður, góður félagi og vel máli farinn enda kennari af líf og sál allan sinn starfsaldur. Sveinn var mikill skógræktarmaður og einn af frumherjum skógræktar í landi Laugamesskóla í Katlagili í ofanverðum Mosfellsbæ.

Það eru ávallt þáttaskil þegar aldnir félagar með langa reynslu í félagsmálum kveðja. Við félagar í Lionsklúbbi Kópavogs kveðjum Svein með söknuði og virðingu eftir áratuga samveru í klúbb okkar og sendum eiginkonu og afkomendum hugheilar samúðarkveðjur.

*F.h. félaga í Lionsklúbbi Kópavogs  
Tómas Guðmundsson, formaður.*

# Lionsklúbbur Patreksfjarðar

Í framhaldsdeild Fjölbrautaskóla Snæfellinga (FSN) á Patreksfirði eru í nemendum 33 talsins og þar af 9 nýnemar. Nemendur koma með skólarútum frá Bíldudal og Tálknafirði til Patreksfjarðar þar sem þau stunda nám í gegnum fjarfundabúnað, vinna verkefni í gegnum Moodle tölvukerfið og Skype. Lionsklúbbur Patreksfjarðar kom í heimsókn þann 23. september sl. og afhenti nýnemum styrk til bókakaupa og styrk til nemendafélags deildarinnar.

## Má ég vera memm?

Þann 12. október fórum við Lionsmenn í Grunnskóla Vesturbyggðar á Patreksfirði og hittum þar krakkana í 1. – 4. bekk og afhentum skólanum kennslubókina *Má ég vera memm?* eftir Hörpu Lúthersdóttur en hún skrifaði bókina sem forvarnarverkefni í skólum. Harpa skrifar af reynslu því hún varð fyrir miklu einelti í grunnskóla. Viðstödd afhendinguna voru Nanna Sjöfn Pétursdóttir, skólastjóri Grunnskóla Vesturbyggðar, Gústaf Gústafsson, aðstoðarskólastjóri og Rannveig Haraldsdóttir kennari og hefur hún umsjón með Olweusaráætluninni í GV. Einnig voru kennarar 1. til 4. bekkjar viðstaddir. Lionsmenn vonast til að bókin gagnist vel til kennslu í skólanum en minnum á að við þurfum að byrja heima hjá okkur. Innrætum hjá okkur öllum að spyrja frekar: Viltu vera memm?

Stefán Árnason, umdæmisstjóri 109B heimsótti okkur á 3. fund vetrarins sem var haldinn laugardaginn 10. október sl. Hann sagði okkur frá verkefni hans sem umdæmisstjóra sem m.a. er að kynna alþjóðaförsetan, Dr. Jitsuhiro Yamada, en hann mun koma til Íslands í lok október. Svo talaði hann um námskeið á vegum Lions sem ætluð væru til að efla félagsstarf í klúbbunum. Að loknu erindi Stefáns var haldinn töflufundur í tilefni af landsleik Íslands og Lettlands. Rennt var yfir líklegt byrjunarlið Íslands.




*Páll Heiðar Hauksson, gjaldkeri og Hjörtur Sigurðarson, ritari ásamt nýnemum FSN á Patreksfirði.*



*Á myndinni eru Ari Hafliðason, formaður, og Páll Heiðar Hauksson, ritari, ásamt Rannveigu Haraldsdóttur, kennara, og Nönnu Sjöfn Pétursdóttur, skólastjóra Grunnskóla Vesturbyggðar.*



*Ari Hafliðason, formaður og Páll Heiðar Hauksson ritari, ásamt nemendum í 1.-4. bekk.*



*Páll Janus Pálsson, einn af stofnfélögum LP, Stefán Árnason umdæmisstjóri 109B og Ari Hafliðason formaður LP.*

## Lionsklúbburinn Náttfari



Einu sinni var til Lionsklúbburinn Náttfari í Aðaldal og Reykjadal, stofnaður 1965. Þessi klúbbur jók kyn sitt aðeins fjögurra ára og gat af sér Lionsklúbbinn Þengil á Grenivík. Milli þeirra feðga var jafnan gott og heimsóttu þeir hvor annan á hátíðum.

Þegar Náttfari hélt upp á 10 ára afmæli sitt 1975 vildi Þengill gleðja hann með góðri

afmælisgjöf. Um þær mundir stóð yfir á Grenivík mikið flosnámskeið sem Kvenfélagið Hlín stóð fyrir, en vinátta var góð milli Hlínar og Þengils. Varð það að samkomulagi að tvær floskonur, sem reyndar voru líka eiginkonur Lionsmanna úr Þengli, tóku að sér að gera félagsfána Náttfara. Tókst það með þeim ágætum að vakti hrifningu þegar hann var afhentur í afmælisveislunni. Svo liðu ár. Náttfari lifði sinn tíma, var öflugur klúbbur og kom ýmsu góðu til leiðar. En svo fór að halla undan fæti. Félagar eltust og hættu eða dóu en engir komu í staðinn. Síðustu árin voru félagsmenn teljandi á fingrum annarrar handar og þegar sögunni síðast lauk sat mágur minn, Björn Jónsson í Hlíðarholti uppi með ýmsar veraldlegar eigur klúbbsins, þar á meðal fánann góða. Nú eru 18 ár síðan Björn mágur lést og systir mín löngu orðin leið á að horfa á þennan fána uppi í hillu. Síðast tók hún á sig rögg og sendi mér gripinn í þeirri von að ég gæti fundið honum einhvern stað ellegar lagt hann á eld.

Þannig er sagan af fánanum í stuttu máli.

*Bestu kveðjur,  
Björn Ingólfsson*



*Til frekari skýringar er hér mynd af fánanum ásamt konunum sem gerðu hann.*

### Innskot frá ritstjóra:

Þess má geta að Björn sendi Stefáni umdæmisstjóra 109B fánan góða ef hreyfingin vildi halda upp á þennan eðalgrip og er hann í varðveislu hans eins og er.



**We Serve**

## Fréttir frá Lionsklúbbsi Álftaness

Lionsklúbbur Álftaness er um þrítugt. Félagatalan hefur heldur stigið síðustu árin, við erum í vetur eitthvað yfir fjörutíu. Endurnýjun er hæg og jöfn og upp undir tugur stofnfélaga er enn virkur. Meðalaldur fer hækkandi, er 10 árum hærri núna en fyrir aldarfjórðungi. Álftnesingar eru á þriðja þúsundið og aðstæðurnar hér virðast hagstæðar svona klúbbsi, sveitarfélagið í uppbyggingu og sterk löngun til að tengjast og kynnast nágrennanum. Það sem heldur klúbbsnum saman er glaðbeitt andrúmsloft, athafnasemi manna og hugmyndaauðgi sem brýst fram þegar þeir koma saman til að slaka á. Þetta leiðir strax til kunningskapar og síðar vináttu og bræðralags sem límir klúbbsinn enn betur saman:

Snafs, flesk og áll með öli  
yngir og gleður lund,  
basli og grimmu böli  
bægir það frá um stund;  
best er þó tveggja tal.  
Holl eru mannamótin,  
milli fólks blíðuhótin;  
verðmætt er vina hjal.

Lionshreyfingin hefur þannig verið okkur Álftnesingum blessun með því að mynda fyrir okkur umgjörð um góðan félagsskap. Það er góð afsökun að koma saman til að láta gott af sér leiða.

Það er ótrúlegt hvað 40 körlum getur orðið úr verki ef þeim er vel stjórnað. Farsælast hefur okkur reynt að hafa vetrarverkefni fá en vel skipulögð og með ágóðavon og stemningu í kring um þau. Menn fást til að leggja mikið á sig ef upp næst vinnustemning, allir eru samtaka, það er gaman og verkið tekur fljótt af. Árlegt þorablót Álftnesinga, skötusala á Þorláksmessu, veiðitúrar í Faxaflóa, þöku- eða gangstéttalagning, málningarvinna, rif á gömlum húsum og álíka áhlaupaverk hentar okkur til dæmis ágætlega til að afla fjár í líknarsjóð. Venjulega náum við þannig að safna á aðra milljón króna yfir veturinn. Við reynum að verja því sem við öflum til þarfra verkefna innan sveitarfélagsins. Sölustarfsemi hentar okkur ekki. Hins vegar passar sumum okkar ágætlega að leika jólasveina, fara í dagsferðir með leikskólabörnum og öldruðum, hengja upp jólaseríur,

stýra bingóleik og spilakvöldum o.s.frv. Megináherslan í félagsstarfinu er síðan lögð á félagsfundina og samveru hópsins, stundum með mökum. Við rekum bar en drekkum hóflega; förum með vísur og segjum sögur. Við förum a.m.k. árlega út á land, oftast í rútu seinni árin, það er skemmtilegra, höldum piltakvöld og bjóðum gestum, höldum dýrðleg konukvöld og villibráðarveislur, spilum keilu, leikum golf, skjótum leirdúfur, förum í jeppaferðir og nokkrum sinnum höfum við farið í vel heppnaðar utanlandsreisur. Í vetur eru þau nýmæli að menn skiptast á um að elda matinn sem snæddur er á félagsfundum. Árangurinn er stórmerkilegur, ótrúlegir snillingar í eldamennsku eru á meðal vor. Þannig er Lionsstarfið í hnotskurn; ef þú færð sjálfur að njóta þín fá aðrir að njóta með þér.

*Þorgeir Magnússon, Lkl. Álftaness*

## Saga Lionsklúbba á Íslandi

### Lionsklúbbur Akureyrar

Lionsklúbbur Akureyrar var stofnaður 10. mars 1956 og verður því sextugur á næsta ári. Stofnendur voru 16. Fyrstu stjórn skipuðu þeir Jón G. Sólnes, formaður, Friðjón Skarphéðinsson, ritari og Eyþór Tómasson, gjaldkeri. Aðdraganda að stofnun klúbbsins lýsir Eyþór Tómasson („Eyþór í Lindu“) í blaði sem klúbburinn gaf út á 30 ára afmæli sínu 1986 en þar segir hann svo frá: „Magnús Kjaran stórkaupmaður í Reykjavík hringdi í mig 5. mars 1955 og bað mig að koma suður til tals við sig. Þetta væri mjög áriðandi. Ég vissi ekkert hvað fyrir honum vakti, en dreif mig af stað daginn eftir. Já, við þekktumst vel áður en þetta var.“ Og erindið var að fá Eyþór til að koma að stofnun Lionsklúbbs á Akureyri sem hann og gerði. Ræddu þeir félagar svo verkefnið ásamt Guðbrandi Magnússyni, forstjóra, yfir whiskyflösku sem þeir gæddu sér á fram á nótt. Svo vel líkaði Eyþóri erindi Magnúsar og whiskyð að hann söng hástöfum á leið sinni heiman frá honum á Túngötunni og niður á Hótel Borg, þar sem hann gisti, fullur baráttuanda eins og hans var von og vísa. „Svo fór ég norður kvöldið eftir, og þú veist nú hvernig ég er; ef ég tek eitthvað að mér, þá hristi ég það fljótt fram úr erminni.“ Enda leið ekki á löngu þar til Eyþór hafði safnað saman þeim 16 mönnum sem þurfti þá til að stofna löglegan klúbb. Og ekki nóg með það heldur kom hann síðar að stofnun Lionsklúbbsins Hugins á Akureyri og Lionsklúbbs Dalvíkur.

Í samræmi við hlutverk og einkunnarorð Lionshreyfingarinnar beindi hinn nýstofnaði klúbbur kröftum sínum að ýmsum samfélagsverkefnum. Má þar t. d. nefna Ekknasjóð Akureyrar, orgelsjóð Akureyrarkirkju, barnaverndarnefnd, FSA, sumarbúðir fyrir börn, Kristneshæli o. fl. Árið 1962 er hagnaður af dansleik settur í sjóð til byggingar skóla og heimilis fyrir vangefna, en þá var fyrir alvöru hafinn undirbúningur á vegum Styrktarfélagis vangefinna á Akureyri að byggingu slíkrar stofnunar sem fékk nafnið Vistheimilið Sólborg og tók til starfa árið 1969. Allt fram á níunda áratug síðustu aldar var stuðningur við starfsemi Sólborgar stærsta einstaka verkefni klúbbsins þótt ýmsar aðrar stofnanir og félög nytu einnig stuðnings hans. Oftar en einu sinni hafði klúbburinn forgöngu um að Lionsklúbbur á Norðurlandi sameinuðust um stærra átak til stuðnings heimilinu s. s. gerð leiksvæðis og árið 1977 færðu samtök klúbbanna því bifreið að gjöf. Á þessum árum voru farnar margar leiðir til fjáröflunar. Perusala og blómasala á konudaginn voru lengi fastar fjáröflunarleiðir. Auk þess voru haldnir dansleikir, bingó, söngskemmtanir og málverkauppboð svo eitthvað sé nefnt.

Á síðustu árum hafa fjáröflunaraðferðir breyst. Nú er ekki lengur gengið hús úr húsi og boðnar til sölu perur eða blómvendur. Ástæða þess var sú fyrst og fremst að félagar klúbbsins vildu gjarna vera lausir við slíka sölumennsku og augljóslega fældi hún á tímabili menn frá að ganga í klúbbinn og stóð þannig viðhaldi hans fyrir þrifum. Nú felst fjáröflunin í sölu jóladagatala, sem nokkarar verslanir í bænum annast, og útgáfu almenns dagatala. Sú útgáfa stendur undir sér með birtingu einkennismerkja fyrirtækja sem greiða fast gjald fyrir birtinguna þeirra. Allt það fé sem síðan kemur inn fyrir sölu dagatalanna er því beinn hagnaður. Fastir styrkþegar klúbbsins hafa um árabíl verið íþröttafélög fatlaðra á Akureyri, sem eru tvö, mæðrastyrksnefnd og Krabbameinsfélag Akureyrar. Vinnuferðir að sumardvalarheimilinu Ástjörn í Kelduhverfi hafa einnig verið farnar árlega til langs tíma. Fleiri félög hafa vissulega notið stuðnings klúbbsins á undanförunum árum sem og einstaklingar.

Nokkrum sinnum hafa Lkl. Akureyrar og Lkl. Vitaðsgjafi í Eyja-fjarðarsveit átt með sér samstarf um fjáröflun til ákveðinna verkefna. Klúbbarnir hafa staðið fyrir hagræðingamótum sem notið hafa mikilla vinsælda og var hagnaði af fyrstu viðburðunum af þeim toga varið til



Fyrsta stjórn: Jón G. Sólnes, Friðjón Skarphéðinsson og Eyþór Tómasson.



Núverandi stjórn: Jakob Árnason, Magnús Sigurðsson og Einar Pétursson.

kaup á fíkniefnaleitarhundum fyrir lögregluna á Akureyri. Þessar skemmtanir voru alltaf vel sóttar og líklega hefur gestafjöldinn farið hæst í um 800 manns á einu kvöldi. Nýliðið haust var haldið hagræðingamót í Menningarhúsinu Hofi til ágóða fyrir Hollvinafélag Sjúkrahússins á Akureyri og sóttu þann viðburð á fimmta hundrað manns. Alls söfnuðust til félagsins rúmar tvær milljónir króna. Vert er að geta þess að hagræðingarnir og stjórnandi þeirra hafa aldrei tekið neitt fyrir sitt framlag né heldur flestir þeir aðrir sem komið hafa fram við þessi tækifæri.

En lífið í Lionsklúbba Akureyrar snýst ekki einungis um dagatöl, hagræðinga og peningasöfnun. Menn lyfta sér reglulega á kreik með konum sínum þrisvar á hverju starfsári, fara í óvissuferð með félögum í Vitaðsgjafa og keilukeppni milli klúbbanna hefur verið fastur liður í samskiptum þeirra í nokkur ár. Fyrirdráttur í Ljósavatni er svo punkturinn yfir i-ið í lok vetrarstarfsins, oft yfir 100 fiskar (ekki mjög stórir!) veiddir, grillaðir og etnir og guðaveigar drukknar að hætti og hvers og eins sem hæfir hófsemdarmönnum.

Eins og margir aðrir klúbbur má Lkl. Akureyrar muna sinn fífil fegri þegar kemur að fjölda félaga. Flestir munu þeir hafa orðið á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar eða milli 60 og 70. Í byrjun áttunda áratugarins fór félögum að fækka fyrir alvöru og þurfti um tíma nokkurt átak til að halda 20 félaga markinu. Nokkur undanfarin ár hefur félagafjöldinn yfirleitt verið 20 – 22. Það finnst okkur ágætt enda metum við meira gæði en magn og unum sáttir við okkur sjálfa eins og nú er málum háttað

Stjórn Lionsklúbbs Akureyrar er nú þannig skipuð: Jakob Árnason formaður, Magnús Sigurðsson ritari og Einar Pétursson gjaldkeri.







# Lionsklúbburinn Þernan

Fyrsti fundur starfsársins var haldinn á Kaffi Prímus á Hellnum 11. september. Mæting var góð og konur hristu saman hópinn fyrir komandi starfsár. Meðal þess sem þar var ákveðið, var að taka upp þá nýbreytni að vera með flokk sem hefur hlotið nafnið Gyðjurnar, en ekki er komin endanleg útfærsla á það hverjum hlotnast sá heiður að skipa þennan flokk. Segjum nánar frá því áður en starfsárinu líkur. Árlegur samfundur kvennaklúbbanna á Snæfellsnesi var haldinn hjá Hörpunum í Stykkishólmi í október. Lionsklúbbarnir í Snæfellsbæ buðu upp á sykursýkismælingu í Átthagastofu 21. nóvember. Við tókum að sjálfsgöðu þátt í því. Þetta er orðinn árlegur viðburður hjá klúbbunum og mælist mjög vel fyrir. Jólafundinn okkar höfum við haldið í heimahúsi síðastliðin ár, og verður það nú með sama sniði. Þá bíður ein af félagskonum okkur heim og við njótum þess að borða saman hangikjöt, laufbrauð og allt sem tilheyrir og auðvitað jólapakkar og jólasaga. Það

sem er framundan hjá okkur auk hefðbundins starfs, er að halda Spurningakeppni Snæfellsbajar í samstarfi við rekstraraðila Rastar. Góð þátttaka er í keppninni og hafa nú þegar 8 lið skráð sig. 3 eru í hverju liði og 2-3 lið keppa á kvöldi. Meiningin er að hafa þetta í léttum dúr, og hafa gaman á köldum vetrarkvöldum. Síðastliðið vor héldum við fullorðins bingó. Það tókst mjög vel og stefnum við á að endurtaka það næsta vor. Þáskabingóið verður á sínum stað eins og verið hefur frá því að klúbburinn var stofnaður.

Við óskum öllum Lionsfélögum nær og fjær gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

*Ljósmyndarar og blaðafulltrúar Lkl. Þernan Steinunn Júlíusdóttir og Arnheiður Matthíasdóttir*



## Fræðslukorn

Eins og þið vitið eru einkunnaorð Lionshreyfingarinnar „We Serve“. Á alþjóðþinginu árið 1954 var þessi einfalda setning kosin af meira en 6.000 tilnefningum/uppástungum. Það var lionsfélaginn D.A. Stevenson sem kom með þessa tillögu.

Þessi setning táknað andan Lions: að hjálpa öðrum og rífa í burtu hulu fáfræði og vantrausts sem að aðskilur eina mannveru frá öðrum.

Sem aðal þema fyrir Lionshugsjónina í meira en 50 ár er „We Serve“ þýtt daglega af orðunum í raunveruleika í öllum heimsálfum.

Á Íslandi er setningin „We serve“ þýdd sem „Við leggjum lið“.

*Þýðing: Sigfríð Andradóttir*



## 1954

**„Við leggjum lið“**  
Samþykkt sem einkunnaorð LCI

## Ljúfir BUGLtónar Fjörgynjar



Gissur Páll Gissurarson og Þóra Einarsdóttir syngja saman dúettinn "Varir þegja". Hvílikur söngur!



Þór Steinars, Guðmundur Jóhanns og Einar Þórðar voru ánægðir með kvöldið.

Eitt skemmtilegasta árlega verkefnið hjá Lionsklúbbnum Fjörgyn eru Estórtónleikar til fjáröflunar fyrir BUGL og líknarsjóð klúbbsins. Tónleikarnir eru haldnir annan fimmtudag í nóvember ár hvert. BUGL hefur fengið margvíslegan búnað til afnota í sínu starfi vegna tekna frá tónleikum undanfarinna ára. Í nýlegri heimsókn Jitsuhiro Yamada alþjóðaforseta Lions til Íslands tók hann þátt í að afhenda BUGL tvær bifreiðar til eignar.

Tónleikarnir í ár voru engin undantekning frá þeim fyrstu þar sem um tólfhundrað manns troðfylltu kirkjuna nema að núna er hámarksfjöldi gesta um 750 til þess að vel fari um alla. Fríður hópur tónlistarfólks lagði okkur lið í ár. Fjallabráður opnuðu kvöldið og að vanda lokaði Raggi Bjarna kvöldinu með Voces Mascarorum í bakröddum. Þar á milli mátti heyra söngfugla eins og Gissur Pál, Guðrúnu Árnýju, Geir Ólafs, KK og Ellen, Pál Rósinkranz, Stefán Hilmars, Greta Salóme og nýjustu stjórnunum Glowie og Maríu Ólafs syngja fagurlega. Manni varð hugsað til þratarins sem þandi brjóst og sperra stél.

Kynnir kvöldsins var Gísli Einarsson og hreif hann gesti með sér með margvíslegri glettni.

Mikil vinna er að baki hjá klúbbfélögum og er varlega áætlað að félagar hafi notað hátt í 500 vinnustundir í margvíslegan undirbúning að tónleikumunum.

Lionsklúbburinn Fold sá svo til þess að gestir og Lionsfélagar gætu fengið sér hressingu í hléi. Sala veitinga er hluti af fjáröflun í líknarsjóð Foldar.

Gestir gerðu góðan róm að dagskrá kvöldsins og var létt yfir þeim þegar þeir yfirgáfu Grafarvogskirkju. Nokkuð marga þeirra hittum við Fjörgynjar félagar daginn eftir þegar yfir 500 manns þáðu mælingu á blóðsykri hjá Fjörgynjarfélögum.

Þór Steinarsson PCC félagi í Lionsklúbbnum Fjörgyn



Hér er slatti af Fjörgynjarköllum.



Alþjóðaforseti og Fjörgynjarfélagar við bifreiðar fyrir BUGL.



Fjallabráður syngja.

# Lionsklúbbur Álftaness: Skötuveisla á Álftanesi á Þorláksmessu



Á Þorláksmessu er það orðin venja fjölmargra Garðbæinga og nággranna þeirra að fara í skötuveislu suður á Álftanes. Í falllegum sal á efri hæð íþróttamiðstöðvarinnar er framreidd dýrindis skata með tilbehör frá hádegi og til sjö um kvöldið. Ilmurinn ætti ekki að fara fram hjá neinun samanber hringhenduna:

Þegar messa Þorláks er  
þá er blessuð skata.  
Út af þessu ilmar hver  
Álftanessins gata.

Skötuveislan er einn af þeim árlegum viðburðum sem Lionsklúbbur Álftaness stendur fyrir og hefur sannanlega hitt í mark. Margir eru fegnir að sleppa við þessa eldamennsku í heimahúsum og kjósa miklu frekar að gleðjast við þetta þjóðlega athæfi á vistlegum veitingastað með fjölskyldu sinni, vinnufélögum og grönnum. Margar fjölskyldur mæla sér því mót í skötunni í íþróttamiðstöðinni. Algengt er að unglíngarnir séu samferða pabba og mömmu, afa og ömmu, frænda og frænku og komist þannig á bragðið. Hvað ungur nemur, gamall temur.

Lionsmenn leggja kapp á að hafa aðeins úrvalsskötu á boðstólum, einnig saltfisk fyrir þá sem það vilja, kartöflur, rófur og hamsafeiti, allt gufusoðið og borið fram sjóðandi heitt á hituðum diskum með rúgbrauði og smjöri, ísköldu öli og ákavítisstaupi ef vill. Tekið er á móti gestum í anddyrinu og þrúðbúnir félagar þjóna til borðs. Sérstök hringlaga 10 manna borð hafa verið smíðuð fyrir þennan fagnað sem passa þrýðilega enda hvítúkuð og skreytt með viðeigandi hætti. Álftaneskórinn syngur nokkur jólalög fyrir þá veislugesti sem geta mætt um hádegisbilið.

Við Lionsfélagar hvetjum alla Álftnesinga og þá sem eiga taugar til Álftanessins eða langar bara að kynnast skötuveislunni eins og slíkar veislur eiga að vera, til að bregða sér með vinum suður á nes á Þorláksmessu og sækja þar mannamót á glöðum, þjóðlegum og hátíðlegum nótum. Allur ágóði rennur til líknarmála. *PM*



## Skötuveisla Ágætu velunnarar!

**Hin árlega Skötuveisla  
Lionsklúbbs Álftaness**


verður í hátíðarsal Íþróttamiðstöðvar  
Álftaness á Þorláksmessu  
milli kl.11:30 og 20:00

**Að venju er boðið upp á skötu,  
tindabikkju og saltfisk  
Sama verð og áður  
aðeins 3.500.-**



**Allur ágóði rennur  
til líknarmála.**

**Nánari upplýsingar í síma 894-5190 eða [jj@talnet.is](mailto:jj@talnet.is)**



## Lionsklúbburinn Eik í Garðabæ



Umdæmisstjóri afhendir viðurkenningar.



Umdæmisstjóri afhendir varaformanni fána sinn.



Camilla Th. Hallgrímsson segir frá Lkl. Eir.



Brot af vinningum á nóvemberfundi.



Nýjum félögum fagnað.

Það er alltaf tilhlökkun að hittast aftur eftir sumarfrí enda þurfti ekki sérstakt efni á septemberfundi, um nóg var að tala og spjalla, skipuleggja og ræða um starfsemi vetrarins. Núna höldum við fundina í sal á jarðhæð hjúkrunarheimilisins Ísafoldar.

Októberfundur var í umsjón ferða- og skógarnefndar. Áður en fundur hófst fórum við í rútuferð um Elliðaárdalinn í leiðsögn Sólveigar Hannam, en hún ólst upp í dalnum og fræddi okkur um þessa sveit í borg. Hún sagði okkur skemmtilegar sögur um menn og málefni frá þeim tíma.

Jón Pálmason, umdæmisstjóri, mætti á fundinn og flutti okkur fróðlegt og ánægjulegt erindi, veitti viðurkenningar og afhenti fána sinn Önnu Nilsdóttur, varaformanni klúbbsins, í fjarveru Steinunnar

Jóhannsdóttur, formanns. Nýr félagi, Ingibjörg Hanna Bjarnadóttir, gekk í klúbbinn og Magna Baldursdóttir kom aftur eftir hlé. Var þeim vel fagnað.

Á nóvemberfundi voru félagar úr Lkl. Eir gestir okkar og var sérlega gaman að fá þær í heimsókn. Einn félagi þeirra, Camilla Th. Hallgrímsson, sagði okkur frá klúbbum. Fjáröflunarnefnd sá um fundinn, Þær voru með happdrætti, þar sem hver félagi kom með 5 vinninga. Var þetta hin besta skemmtun.

Sigurveig Sveinsdóttir, fjölmiðlafulltrúi  
Ljósmyndir: Dröfn Farestveit

## Fréttir frá Lionsklúbb Akureyrar

Lionsklúbbur Akureyrar afhenti styrk til Hollvinasamtala Sjúkrahússins á Akureyri upp á 2,2 milljónir króna nú fyrir skemmstu. Styrkurinn er innkoma á hagyrðinga- og skemmtikvöldi sem klúbburinn og Lionsklúbburinn Vitaðsgjafi í Eyjafjarðarsveit stóðu fyrir 25. september síðastliðinn.

Á myndinni eru frá vinstri Reynir Karlsson Lkl. Akureyrar, Sveinn Egilsson Lkl. Vitaðsgjafi, Héðinn Jónsson Lkl. Akureyrar og Jóhannes G. Bjarnason formaður Hollvinasamtaka Sak.

Með Lionskveðju  
Reynir Karlsson



# „Hvað er svo glatt sem ...“

## - Heimsókn Lionsklúbbs Suðureyjar í Færeyjum til Ísafjarðar í sumar

Íslendingar hafa lengi kyrjað ljóðlínur listaskáldsins góða í góðra vina hópi. Helgina 18.-19. júlí var svo sannarlega góðra vina fundur hér vestra. Það er ekki á hverjum degi sem við fáum 40 manna heimsókn frá Færeyjum en sú var raunin þessa helgi. Tilfnið átti sér nokkurn aðdraganda.

Eins og margir muna varð mikill skaði í óveðri fyrir fjórum árum á Suðuroy í Færeyjum þó sem betur fer yrði ekki mannskaði. Þá fauk m.a. þak af elliheimili á Tvøreyri sem er höfuðstaður eyjarinnar. Það hefur varla farið fram hjá neinum Íslendingi að þegar hamfarir hafa orðið á Íslandi hafa Færeyingar, þessi minnsta þjóð Evrópu, ávallt verið fyrstir að rétta hjálparhönd. Má þar nefna snjóflóðin í Súðavík og á Flateyri fyrir tuttugu árum, stuðning í landhelgisdeilum og nú síðast myndarlega lánafyrirgreiðslu án nokkurra skilyrða í fjármálahruninu 2008. Það var því kominn tími til að við sýndum gagnkvæman vinarhug. Lionsklúbbur Ísafjarðar, að frumkvæði Sveins Guðbjartssonar, beitti sér fyrir

söfnun sem afhent var árið 2012. Fóru þá fulltrúar klúbbsins til Suðuroyar að afhenda söfnunarféð sem nam samtals um 2.3 milljónum.

### Föroyskur dansur aftan á

Eins og allir vita eru Færeyingar tryggir og vinfastir. Tengslin voru komin á og nú kom 40 manna hópur á vegum Lionsklúbbs Suðuroyar hingað vestur eftir að hafa ferðast með rútu frá Seyðisfirði með viðkomu á Húsavík og í Húnaþingi. Dagskráin hér vestra var þaulskipulögð af fjögurra manna nefnd Lionsmanna, sem formaðurinn Sigurður Pétursson bar þó hitann og þungann af. Þetta hófst með sameiginlegum kvöldverði á Núpi sem var einnig gististaður Færeyinganna. Veislustjóri var Ólína Þorvarðardóttir sem stýrði þessu ánægjulega kvöldi af röggsemi. Margir tóku til máls, skipst var á gjöfum og mikið sungið á færeysku og íslensku enda eru Færeyingar söngglaðir með afbrigðum og miklir stemmingsmenn í söng. Að sjálfsgöður var síðan endað á færeyskum dansi eða eins og það heitir á þeirra máli "føroyskur dansur aftan á".

### Heimsókn á Flateyri

Um hádegi á sunnudag var hist á Flateyri og skoðaður leikskóli sem Færeyingar gáfu eftir snjóflóðin. Síðan var snæddur léttur hádegisverður í Félagshæ, gamla kaupfélaginu þar sem nú er dúkku- og dellusafn. Skoðað var elsta hús Flateyrar sem inniheldur merkisfróðleik um skreiðarvinnslu á árum áður. Verslunin Bræðurnir Eyjólfsson er orðin vísir að skemmtilegu safni með gömlum innréttingum og húsgögnum. Farið var í kirkjuna á

Flateyri en áður skoðaður nýr bátur fjölskyldu-útgerðar Einar og Guðrúnar Pálsdóttur. Útgerð þeirra er ánægjulegt merki um að enn býr framtak og bjartsýni í Önfirðingum. Að lokum sýndi Hermann Þorsteinsson okkur heimildarmynd um hamfarirnar í snjóflóðinu 1995 og hetjulegt björgunarstarf.

Þá var haldið í einn vinsælasta viðkomustað norðanverðra Vestfjarða, Ósvör í Bolungarvík. Ísfirðingurinn Elín Þóra Stefánsdóttir tók þar á móti gestum í sjóklæðum 19. aldar. Dró hún upp skýra og skemmtilega mynd af þessum fornu atvinnuháttum og var það óvænt ánægja að sjá konu í þessu hlutverki.

### Sólborgin og Chicago

Nú var komin röðin að Ísafirði þar sem er frá mörgu að segja og fáir betur til þess fallnir en ísfirski sagnfræðingurinn Sigurður Pétursson sem var jafnframt formaður Lionsklúbbs Ísafjarðar síðasta starfsár. Lýsti hann m.a. heimsókn forsætisráðherra Dana, Thorvald Staunings til Ísafjarðar, illri meðferð flokksbræðra hans á honum og hvernig landi hans apótekarinn bjargaði honum. Einnig lýsti hann byggingarstíl í okkar fornfræga, gamla bæ sem m.a. er sóttur til Chicago, starfsemi einnar frægustu veitingakonu Ísfirðinga fyrr og síðar – Önnu í Hollywood, svo fátt eitt sé nefnt. Þá var farið í Turnhúsið, eitt helsta stolt okkar og minjar skoðaðar. Þjóðlegir réttir voru þar á borðum, harðfiskur og hákarl með tilheyrandi miði. Þar sem í hópnum var háseti á togarnum Sólborgu, Eli Poulsen frá árunum 1960-61 í skipstjóratíð Páls Pálssonar þá var viðeigandi að segja togarasögu af Færeyingi frá þessum tíma.



Formenn Lionsklúbbs Ísafjarðar og Lionsklúbbs Suðuroy, Sigurður Pétursson og Bogi Mortensen skiptast á gjöfum.



Söngur í algleymingi í Edinborgarhúsinu á Ísafirði.



Svavar Halldórsson frá Suðurey færir hótelinu á Núpi í Dýrafirði færeyska fánann.



Sagnfræðingurinn segir frá Brennivínshorninu.

Ólafur Bjarni Halldórsson segir togarasögur.



Færeyskir gestir skoða gamla útgerðarhætti í Ósvörinni í Bolungarvík.

Sögur af fólki og húsum á Ísafirði.

Að lokum var sameiginlegur kvöldverður í Eðinborgarhúsi þar sem á borðum var léttsaltaður þorskur og gellur með mörfloti og hamsatólg. Slíkan mat hafa ísfirskir og færeyskir sjómenn örugglega snætt saman áður. Stuttar og hnitmiðaðar ræður voru fluttar og enn skipst á gjöfum.

Mest var þó sungið og þarf ekki að brýna Færeyinga til söngs sem að þessu sinni var undir harmoníkuleik. Fararstjóri þeirra Færeyinga var Íslendingurinn Sævar Halldórsson, vel ættaður úr Aðalvík en hefur búið í Vági á Suðuroy í 35 ár og á þar færeyska konu og börn. Hann er frumkvöðull að þessari heimsókn. Um kvöldið las hann upp stórmerkilegt bréf frá afa sínum úr Aðalvík frá frostavetrinum 1918. Að lokinni ánægjulegri kvöldstund kvöddust vinir með blíðskap og nú var strengur vináttu orðinn styrkur.

**Minningastund á Brjánslæk**

Undirritaður fór síðan á mánudagsmorgun ásamt bróður sínum Guðmundi að Núpi og héldum við í samfloti með rútu þeirra Færeyinga að Brjánslæk. Guðmundur fékk þar tækifæri til að hitta gamla skipsfélaga sinn af Sólborginni, Eli Poulsen. Þar var haldin hátíðleg athöfn í kirkjunni með heimafólki til að minnast Guðmundar Einarssonar bónda á Brjánslæk sem dvalið hafði á Suðuroy og skrifað minningar þaðan. Um leið var minnst

sonar hans Ragnars sem lést á jóladag 2014, Það verður vart annað sagt en að ef einhverjir kunna að búa til hátíðlega stund við slík tækifæri þá eru það Færeyingar. Þetta var í senn virðulegt og eftirminnilegt. Þar var einnig skipst á gjöfum og að lokinni athöfn lögðu Færeyingar minnissteina á leiði þeirra feðga. Heimafólk bauð síðan upp á þjóðlegar veitingar undir kirkjuvegg. Að lokum var snæddur málsverður í Flókalundi og við kvöddum þessa vini okkar sem hafa reynst okkur best allra þjóða.

Það er við hæfi að birta fyrstu erindi þess söngtexta sem oftast var sunginn og er á jafn rómantískum nótum á báðum málunum enda er sá færeyski þýðing úr þeim íslenska. Vonandi eiga Íslendingar og Færeyingar oft eftir að syngja þessar fallegu ljóðlínur saman:

**Rósin**

*Undir háu hamrabelti  
höfði drúpir lítill rós.  
Þráir lífsins vængjavíddir  
vorsins yl og sólarljós.  
Ég held ég skynji hug þinn allan  
hjartasláttinn rósin mín.  
Ef kristaltærir daggardropar  
drúpa milt á blöðin þín.*

**Rósin**

*Undir høgum hamarskletti  
drýpur hævur fagurt drós.  
Líósins træðrir veingjaspenni,  
vársins lýðka og sólarljós.  
Væl kann eg skyna hug tín allan,  
hjartaslátin rósa fríð.  
Har vakrir klárir daggardropar,  
eymligt væta blöð so blíð.*

Lag: Friðrik Jónsson. Texti: Guðmundur Halldórsson. Þýtt af: Hans J. Joensen.

Ólafur Bjarni Halldórsson,  
Lionsklúbbi Ísafjarðar.



## Lionsklúbburinn Fold í 25 ára skemmtiferð til Kempten í Bæjaralandi

Á þessu ári á Lionsklúbburinn Fold 25 ára starfsafmæli og af því tilefni fóru Foldarkonur ásamt mökum í skemmtiferð til Kempten í Bæjaralandi. Ferðin var í allastaði frábær, veður og fegurð Bæjaralands var stórkostleg. Hópurinn fór einnig í ferðir út frá Kempten til Bregens og Lindau við Bodense ásamt því að fara til fjalla þar sem fjallafegurð í Tegelberg og Neuschwansteig kastali voru skoðuð. Mjög mikil ánægja var með ferðina og komu ferðalangarnir glaðir og hressir til baka.

*F.H Lionsklúbbsins Foldar  
Hrund Hjaltadóttir*



*Fyrsta stopp.*



*Í bæjarferð með Ingu fararstjóra.*



*Að sjálfsgöðu tók Ljón á móti okkur í hafnar-  
mynni Lindau.*



*Höfnin í Lindau.*



*Fallegt vatn í fjallasal.*



*Hópurinn samankominn.*